



Alþingi - Umhverfis- og samgöngunefnd  
Austurstræti 8 - 10  
105 Reykjavík

Reykjavík, 13. maí 2022  
UST202205-009/H.E.  
04.05

**Efni: Frumvarp til laga um verndar- og orkunýtingaráætlun - stækkanir virkjana - 583. mál.**

Vísað er til tölvupóst dags. 29.4.2022 þar sem að umhverfis- og samgöngunefnd sendi Umhverfisstofnun frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011 (stækkanir virkjana í rekstri) til umsagnar.

Umhverfisstofnun er sammála því að þær breytingar sem koma fram í frumvarpinu geti stuðlað að því að flýta orkuskiptum og þar með skapa grundvöll til að ná loftlagsmarkmiðum Íslands. Umhverfisstofnun leggst ekki gegn fyrirhugaðri breytingu á lögnum þar sem ekki er gert ráð fyrir að óröskum svæðum sé raskað en telur þó mikilvægt að huga að eftirfarandi atriðum.

Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að koma á framfæri skörun frumvarpsins við lög um stjórn vatnamála. Í frumvarpinu er lagt til að það verði hlutverk Orkustofnunar að taka ákvörðun um hvort stækkun feli í sér rask á svæði sem er óraskað af viðkomandi virkjun eða ekki. Umhverfisstofnun vekur athygli á að samkvæmt 7. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála hefur Umhverfisstofnun hlutverk að annast stjórnsýslu á sviði vatnsverndar í samræmi við fyrirmæli laganna. Meðal annars skal Umhverfisstofnun setja umhverfismarkmið fyrir vatnshlot sbr. III. kafla laganna. Samkvæmt vatnaáætlun skulu öll vatnshlot vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi eða góðu efnafræðilegu ástandi. Fyrsta vatnaáætlun fyrir Ísland fyrir 2022-2027 hefur nú verið samþykkt en þar er meðal annars fjallað um tengsl hennar við áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða. Þar segir að áætlunin [um vernd og orkunýtingu] skuli vera í samræmi við stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun en markmið áætlunarinnar sé að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem byggist á langtímavernd vatnsauðlindarinnar.

Í 13. gr. laga um stjórn vatnamála er meðal annars fjallað um að Umhverfisstofnun skuli meta hvort vatnshlot teljist manngerð eða mikið breytt ef nauðsynlegar breytingar á eiginleikum vatns til þess að ná vatnshlotinu í gott ástand hafi umtalsverð skaðleg áhrif á umhverfið eða á umsvif þau sem talin eru upp í ákvæðinu. Umhverfisstofnun vinnur nú að því að móta verklag við að skilgreina mikið breytt eða manngerð vatnshlot. Gera má ráð fyrir að þau vatnshlot sem eru undir vatnsformfræðilegu álagi vegna vatnsaflsvirkjana muni helst koma til álita um að flokkast sem mikið breytt eða manngerð vatnshlot.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að tryggja samræmi í stjórnsýslu laga um stjórn vatnamála og laga um verndar- og orkunýtingaráætlunir.

Fulltrúar stofnunarinnar eru reiðbúnir að koma á fund umhverfis- og samgöngunefndar og fara nánar yfir efni umsagnarinnar.

Virðingarfyllst,  
Halla Einarsdóttir  
*teymissjóri*

Marianne Jensdóttir Fjeld  
*verkefnasjóri*